

## Vestmannaeyjalínur 4 og 5 – Lagning 66 kV sæstrengja til Vestmannaeyja. Fyrirspurn um matsskyldu – Svör við umsögnum

Í eftirfarandi töflu er yfirlit yfir athugasemdir úr umsögnum sem borist hafa við matsskyldufyrirspurn um lagningu Vestmannaeyjalína 4 og 5 og viðbrögð Landsnets við þeim.

| Nr. | Umsagnaraðilar    | Kafli í fyrirspurn                 | Athugasemd  | Viðbrögð  |
|-----|-------------------|------------------------------------|---|---|
| 1.1 | Rangárþing eystra | 3 Samráðsaðilar og leyfisveitendur | Rangárþing eystra bendir á að framkvæmdin er háð framkvæmdarleyfi og skal unnin í góðu samstarfi við landeigendur í sveitarfélaginu.  | Landsnet hefur samið við viðeigandi landeigendur í sveitarfélaginu um afnot af landi fyrir framkvæmdina, eins og fram kemur í greinargerð. Landsnet tekur undir athugasemd Rangárþings eystra og stefnir á áframhaldandi samstarf og samráð við landeigendur sem og sveitarfélögin á framkvæmdatíma.  |
| 2.1 | Umhverfisstofnun  | 6.2 Gróður                         | Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er innan framkvæmdarsvæðisins m.a. vistgerðin língresis- og vingulsvist sem er með hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Fram kemur í framkvæmdalýsingunni að strengleiðin liggja að litlum hluta í gegnum votlendi. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að frágangur við strenglögna sé vandaður og farið verði í viðeigandi mótvægisáðgerðir eins og að þétta skurði þar sem strengirnir fara í gegnum votlendi.   | Strengirnir verða líklega plægðir niður frá Rimakoti að Landeyjafjöru eins og gert var í tilfelli VM3 (um 2,3 km), eins og kemur fram í kafla 5.1.1 í greinargerð. Þar sem plægingu er beitt myndast einungis mjótt plógsár auk hjólfara sem jöfnuðu sig fljótt í tilfelli VM3. Ef það verða grafnir skurðir í gegnum votlendi verður gætt að því að þétta skurðina. Framkvæmdaraðili mun vanda til frágangs, eins og fjallað er um í kafla 5.2 í greinargerð.  |
| 2.2 | Umhverfisstofnun  | 6.3 Fuglar                         | Vestmannaeyjar eru á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að svæðum á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs og klóþangsfjara en fjörurnar eru ekki á framkvæmdarsvæðinu. Strengleiðin er einnig innan svæðis sem NÍ hefur skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, Suðurlandsundirlendið (VOT-S 3). Vistgerðir sem þar finnast, t.d. língresis- og vingulsvist, einkennast af ríku fuglalífi og eru algengir varpfulgar t.d. þúfutittlingur, hrossagaukur, lóupræll, spói og stelkur. Lóupræll, spói og stelkur eru ábyrgðartegundir Íslands, en miðað er við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum, til þess að tegundin kallist ábyrgðartegund. Vestmannaeyjar eru einnig skilgreindar sem mikilvægt fuglasvæði (SF-S 4) en þar eru afar mikilvægar varpstöðvar sjófugla. Fram kemur í greinargerðinni að Gjábakkafljóti, þar sem strengirnir koma á land í Vestmannaeyjum, sé nú þegar raskað svæði og ekki að finna lykilttegundir sjófugla. Umhverfisstofnun hvetur þó til þess að leitað sé álits hjá Náttúrustofu Suðurlands varðandi fuglalíf á framkvæmdarsvæðinu í Vestmannaeyjum og hvaða leiðir mætti fara til að lágmarka rask á fuglalífi. Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að framkvæmdin fari fram fyrir utan varptíma til þess að lágmarka rask á fuglalífi. | Upptaldar fuglategundir eru nefndar í kafla 6.3 í greinargerð. Landsnet tekur undir að æskilegt sé að gæta varkárni á mikilvægum fuglasvæðum eftir því sem kostur er. Landsnet telur sig ekki geta orðið við beiðni um að framkvæmdir fari fram utan varptíma. Tækifæri til lagningar velta að miklu leyti atriðum eins og hvenær búnaður, sem kemur hingað að öllum líkindum frá Evrópu, er tiltækur og hvenær veðurfar er hagstætt til framkvæmda. Afhendingartími strengsins, verktilhögun og tímaplön þeirra sem koma að strenglögna, stefnir í að væntanlega munu framkvæmdir við jarðstreng skarast við varptíma í maí og júní. Stefnt er að lagningu sæstrengsins í júlí. Hins vegar væntir Landsnet þess að fá ábendingar með samráði við Náttúrustofu Suðurlands, sem eru til þess fallnar að geta lágmarkað áhrif á fugla m.t.t varptíma. |

| Nr. | Umsagnaraðilar   | Kafli í fyrirspurn                 | Athugasemd  | Viðbrögð  |
|-----|------------------|------------------------------------|---|---|
| 2.3 | Umhverfisstofnun | 6.1 Jarðmyndanir                   | <p>Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð um framkvæmdina að hún mun hafa óafturkræf áhrif á hraunið sem nýtur sérstakrar verndar og því neikvæð áhrif á það. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði nánar um hraunið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á því sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að ef framkvæmdin gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum fyrir því að þeir urðu ekki fyrir valinu.</p> <p>Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu á því hvar jarðstrengurinn liggur, séu verndargildi hraunsvæða metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana. Við valkostagreiningu ætti að meta vægi áhrifaþátta eins og umhverfisáhrif af framkvæmdinni, hagkvæmni og almannahagsmuni.</p>   | <p>Valkostagreining<sup>1</sup> var framkvæmd vegna breytingar á aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar<sup>2</sup> vegna VM4 og VM5. Skipulagstillagan var auglýst á tímabilinu 28. júní til 9. ágúst 2024 og hefur breytingin verið staðfest. Vísað er til valkostagreiningarinnar í kafla 4.1 í greinargerð fyrirspurnar um matsskyldu. Ýmsar leiðir að landi og spennistöð í Vestmannaeyjum voru skoðaðar. Leiðin sem lýst er í greinargerð fyrirspurnar, var talin fela í sér mest rekstraröryggi og minnst umhverfisrask.</p> <p>Landsnet bendir á það sem segir í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um aðalskipulagsbreytingu Vestmannaeyjabæjar dags. 24. júlí 2024 „Þrátt fyrir að framkvæmdirnar komi til með að hafa töluverð áhrif á nútímahraun leggst Náttúrufræðistofnun ekki gegn því að leið 1B verði valin þar sem hér er um mikið hagsmunamál að ræða fyrir Vestmannaeyjabæ og aðrir kostir koma vart til greina.“</p> <p>Sértækir skilmálar voru skilgreindir við breytingu á aðalskipulagi varðandi umgengni við lagningu háspennustrengja á óbyggðum svæðum með hraunfyrirborði og hverfisvernduðum svæðum, og endurnýjun umhverfis að framkvæmdum loknum (úr kafla 3.2 í greinargerð aðalskipulagstillögu<sup>2</sup>):</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Að hraunsteinar séu teknir frá og notaðir við að endurgera umhverfi.</li> <li>• Að nákvæmt leiðarval sé ákveðið út frá hraunmyndunum á hverjum stað – mögulega verði stundum meira bil milli strengja til að sneiða hjá hraunmyndunum.</li> <li>• Að þar sem strengjaleiðir breyta eðlilegu landslagi vikursyfyrborðs (t.d. vegna skeringa eða þar sem eru hólar) að þar sé leitast við að endurgera yfirborðið.</li> <li>• Að leitast sé við að nýjar gönguleiðir séu búnar til þar sem strengjaleiðir búa til nýtt aðgengi.</li> </ul> |
| 2.4 | Umhverfisstofnun | 3 Samráðsaðilar og leyfisveitendur | <p>Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.</p> <p>Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.</p> <p>Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.</p> | <p>Landsnet mun afla leyfa í samræmi við upptalin lög, og taka tillit til verndarmarkmiða og skilyrða sem þar verða sett.</p>   |

<sup>1</sup> Landsnet, 2024. VE4 og VE5 Leiðarval í Vestmannaeyjum 15. apríl. Sótt af <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/979> (Athugun fyrir auglýsingu).

<sup>2</sup> Alta, 2024. Aðalskipulagsbreyting vegna lagningar VM4 og VM5. Sótt af <https://skipulagsgatt.is/issues/2023/979>

| Nr. | Umsagnaraðilar          | Kafli í fyrirspurn                 | Athugasemd   | Viðbrögð   |
|-----|-------------------------|------------------------------------|--|--|
| 2.5 | Umhverfisstofnun        | 6.5 Vatnsvernd                     | Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í greinargerð. Meta þarf áhrif framkvæmdar á þau vatnshlot sem tengjast henni. Áhrifamatið þarf að uppfylla kröfur laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og breytingar á starfseminni eiga að samræmast markmiðum og kröfum laganna. Starfsemi eða framkvæmdir mega ekki valda því að vatnshlot nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin. | Ekki var fjallað um lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í greinargerðinni.<br>Eins og kemur fram í umsögn Umhverfisstofnunar er framkvæmdin innan strandsjávarvatnshlotsins Dyrhóley að Þorlákshöfn og grunnvatnshlotanna Landeyja og Eldfells: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Strandsjávarvatnshlotið Dyrhóley að Þorlákshöfn (103-1342-C) er 4311 km<sup>2</sup> að flatarmáli með fullsaltan sjó (&gt;30 psu) og meðalvatnshita vetrar 4-7°C. Nokkur munur er á flóði og fjöru, 1-5 m. Vistfræðilegt ástand vatnshlotsins er óflokkað eins og stendur, og efnafræðilegt ástand er óþekkt. Staðbundið álag er á vatnshlotið vegna fráveitu frá Vestmannaeyjum, 3 fiskvinnslu og 2 fiskimjölsverksmiðja. Vatnshlotið er ekki talið í hættu, þ.e. gert er ráð fyrir að umhverfismarkmið náist.</li> <li>• Grunnvatnshlotið Landeyjar (103-252-G) er 1266,8 km<sup>2</sup> að flatarmáli, með mikið grunnvatnsstreymi en óskilgreint dýptarbil. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins eru óþekkt. Staðbundið álag er á vatnshlotið vegna öskuhauga/sorplosunar (Strönd/Skógarsandi).</li> <li>• Grunnvatnshlotið Eldfell (103-242-G) er 8,9 km<sup>2</sup> að flatarmáli, með mikið grunnvatnsstreymi en óskilgreint dýptarbil. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins eru óskilgreind. Ekkert skráð álag er á vatnshlotið.</li> </ul> Ólíklegt er talið að rafstrengurinn valdi þannig álagi á vatnshlotin að það hafi teljandi áhrif á hvort umhverfismarkmið þeirra náist, sérstaklega í ljósi þess að aðrar veitulagnir sem eru á sama svæði eru ekki skráðar sem álagspættir á vatnshlotin. Þá ber að hafa í huga að hvorki framkvæmdir við strenglöggnina né rekstur strengjanna eru til þess fallin að valda teljandi álagi á vatn. Eins og fram kemur í inngangi 4. kafla vatnaáætlunar 2022-2027 geta vatnshlot verið undir álagi ef í þau eru losuð efni í því magni að geta valdið mengun eða framkvæmdir skapa breytingar á vatnsformfræði s.s. breytinga á árfarvegum, stíflugerð, vegagerð, hafnargerð eða efnistöku. |
| 2.6 | Umhverfisstofnun        | 5.1.1 Jarðstrengir – Slóðagerð     | Umhverfisstofnun telur mikilvægt að slóðagerð verði haldið í algjöru lágmarki. Umhverfisáhrif af slóðagerðinni þar sem þeir liggja í gengum hraun og raska hrauni eru varanleg og óafturkræf. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að reynt verði að komast hjá lagning nýrra slóða í gegnum hraun sem nýtur sérstakrar verndar 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess að slóðar sem nauðsynlegt er að leggja í gegnum hraunið séu lagðir eins og hægt er í gegnum nú þegar röskuð svæði.<br>Umhverfisstofnun telur nokkra óvissu ríkja um umhverfisáhrif af slóðagerð þar sem endanleg staðsetning þeirra liggur ekki fyrir.   | Landsnet tekur undir að mikilvægt sé að halda slóðagerð í lágmarki og er það almennt gert með því að nýta fyrirbyggjandi slóðir og vegi, eins og fram kemur í kafla 5.1.1. í greinargerð.<br>Líklega mun þurfa að gera nýja slóða á nokkrum stöðum í hrauninu vegna lagningar jarðstrengs, þó að miklu leyti fari leiðin um núverandi göngustíga sem hægt væri að nýta. Gert er ráð fyrir að nýir slóðar vegna lagningar verði látnir standa og í framhaldinu þá hægt að nýta þá sem nýjar gönguleiðir.<br>Samráð verður haft við Vestmannaeyjabæ á framkvæmdatíma og unnið verður í áföngum til að lágmarka rask á hrauninu, sjá atriði nr. 8.4.  |
| 3.1 | Vegagerðin – Suðursvæði | 3 Samráðsaðilar og leyfisveitendur | Vegagerðin bendir á að samkvæmt lögum um vitamál nr. 132/1999 skal afla samþykkis Samgöngustofu fyrir legu slíkra strengja til að tryggja öryggi siglinga.   | Sóst verður eftir samþykki Samgöngustofu eins og kemur fram í kafla 3 í greinargerð með vísan í reglugerð 600/2018, sem vísar í umrædd lög um vitamál.   |

| Nr. | Umsagnaraðilar                 | Kafli í fyrirspurn                 | Athugasemd   | Viðbrögð   |
|-----|--------------------------------|------------------------------------|--|--|
| 3.2 | Vegagerðin – Suðursvæði        | 5 Framkvæmdalýsing                 | Vegagerðin telur að merkja beri landtökustað strengsins fyrir sjófarendur svo þeir séu upplýstir um legu hans í sjónum. Samráð skal haft við Vegagerðina um gerð og staðsetningu slíkra leiðarmerkja. Ekki má taka leiðarmerki í notkun fyrir en úttekt hefur farið fram af hendi Samgöngustofu sem sér um að leiðarmerkið verði auglýst svo sem nánar er greint í lögum um vitamál. Einnig skal tilkynna Vegagerðinni og Samgöngustofu um allar breytingar sem verða á leiðarmerkjum.   | Samráð verður haft við Vegagerðina um gerð og staðsetningu leiðarmerkja samkvæmt óskum Vegagerðarinnar.  |
| 4.1 | Náttúrufræðistofnun Íslands    | 6.6 Náttúruvernd                   | Eins og fram kemur í lýsingunni þá eru strengleiðirnar frá Rimakoti og niður að sjó á mikilvægu fuglasvæði og í Vestmannaeyjum eru þær mikið til á nútímahrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013) og liggja um svæði sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár (B-hluta). Að auki eru leiðirnar í Vestmannaeyjum að hluta til innan svæðis 723 á C-hluta náttúruminjaskrár. Eins og framkvæmdunum og mótvægisáðgerðum er lýst er raski haldið í lágmarki og umhverfisáhrif ásættanleg í ljósi þess að um mikið hagsmunamál er að ræða fyrir Vestmannaeyjar og aðrar lagnleiðir koma vart til greina. Að mati Náttúrufræðistofnunar er í matskyldufyrirspurninni nægjanlega vel gerð grein fyrir framkvæmdinni og umhverfisáhrifum hennar og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og ekki þörf á að hún fari í mat á umhverfisáhrifum.  | Flakkarinn var nefndur í greinargerð fyrirspurnar sem hluti af hverfisvernd en ekki var minnst á hann sem hluta af svæði 723 á C-hluta náttúruminjaskrár, eins og réttilega er bent á.   |
| 5.1 | Heilbrigðiseftirlit Suðurlands | 7 Möguleg umhverfisáhrif           | Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum en ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun áhrifaþátta. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum.  | Þó ekki sé gert ráð fyrir sérstakri vöktun á framkvæmdatíma lætur Landsnet vinna mat á frágangi í lok framkvæmdatíma, þ.e. hvernig skilyrðum frá stofnunum, sveitarfélögum, landeigendum, og kröfum Landsnets var fylgt eftir við framkvæmdir. |
| 5.2 | Heilbrigðiseftirlit Suðurlands | 3 Samráðsaðilar og leyfisveitendur | Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaástöðu skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnaeftirlit auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.  | Landsnet mun sækja um starfsleyfi eins og við á fyrir framkvæmdir og ef sett verður upp sérstök aðstaða fyrir verktaka.  |
| 6.1 | Hafrannsóknarstofnun           |                                    | Hafrannsóknarstofnun hefur kynnt sér matsskyldufyrirspurnina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum. Stofnunin telur ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.   | Umsögn krefst ekki viðbragða.  |
| 7.1 | Samgöngustofa                  | 3 Samráðsaðilar og leyfisveitendur | Samgöngustofa bendir á að skv. 10. gr. laga nr. 132/1999 um vitamál skal „[Til að tryggja öryggi siglinga skal áður en sæstrengir eða neðansjárleiðslur eru lagðar afla samþykkis [Samgöngustofu] 1) fyrir legu þeirra. Áður en samþykki er veitt skal stofnunin leita álits hagsmunaaðila í sjávarútvegi.“  | Sóst verður eftir samþykki Samgöngustofu eins og kemur fram í kafla 3 í greinargerð, með vísan í reglugerð 600/2018, sem vísar í umrædd lög um vitamál.  |
| 8.1 | Vestmannaeyjabær               | 3 Samráðsaðilar og leyfisveitendur | Vestmannaeyjabær hefur átt samráð við mótun og val leiða Vestmannaeyjalína 4 og 5, frá sj[ó] að landtöku á Heimaey og frá Gjábackafjöru að spennistöð Landsnets. All nokkrir valkostir voru skoðaðir en allir fela í sér nokkuð rask á landi. Það er [mat] Vestmannaeyjabæjar að ásættanleg leið hafi verið valin og að raskið sé ásættanlegt vegna hagsmuna bæjarins. Engu að síður er lyklatríði að vanda til verks á framkvæmdatíma og hugað sé að áframhaldandi samráði við bæjarfélagið.  | Samráð verður haft við Vestmannaeyjabæ á framkvæmdatíma.   |
| 8.2 | Vestmannaeyjabær               | 5 Framkvæmdalýsing                 | Frá Gjábackafjöru er strengjaleiðin leidd upp gil ofan fjörunnar og að Skansvegi. Eins og fram kemur tilheyrir sá hluti Eldfellshrauns ekki náttúruverndarsvæði, en tilheyrir þó hverfisvernduðu svæði skv. Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015-2035. Strengjaleiðin liggur þó í nálægð Flakkarans sem er á náttúruminjaskrá. Þó að lúpína hafi að hluta dreift sér um svæðið, er þar einnig um að ræða ósnortið hraunfirborð þar sem má finna stórbrotnar hraunmyndanir og óraskað landslag. Landslagið á svæðinu er því nokkuð óraskað frá því að það rann fram sem hraun og ljóst er að lagning jarðstrengjanna mun hafa áhrif á þetta landslag. Því þarf að vanda til verks þannig að sneitt sé fram hjá hraunmyndunum og landslag haldist sem eðlilegast. Gönguleið að Gjábackafjöru er sem stendur ill fær sökum bratta og illgresis. Vonir eru bundnar við að loknum framkvæmdum myndist ný gönguleið að Gjábackafjöru. Á þeim hluta leiðarinnar sem ekki verða göngustígar er mikilvægt að jafna og endurgera eðlilega ásýnd hraun yfirborðsins. | Framkvæmdaraðili mun vanda til verks og halda raski í lágmarki eftir fremsta megni.<br>Bætt aðgengi göngufólks að Gjábackafjöru verður haft í huga við framkvæmdir og frágang, með samráði við Vestmannaeyjabæ.                                |

| Nr. | Umsagnaraðilar       | Kafli í fyrirspurn | Athugasemd   | Viðbrögð   |
|-----|----------------------|--------------------|--|--|
| 8.3 | Vestmannaeyjabær     | 5 Framkvæmdalýsing | Hraunstigarnir sem valdir voru fyrir leiðina eru þeir sem eru breiðastir en þó verður nauðsynlegt að raska hrauni í jaðri stiganna. Á þessu svæði hefur verið rætt um að reyna að fjarlægja mosavaxna hraunsteina og að gera tilraun til að endurgera umhverfið að hluta.<br>Eins og fram kemur í tilkynningunni er gert ráð fyrir 3 metra fjarlægð á milli strengja og að búast megi við röskuðu svæði við hlið strengjaleiðanna t.d. vegna tækjabúnaðar. Rætt hefur verið að takamarka slíkt rask með því að opna eina skurðarleið í einu og á meðan sé tækjabúnaður [á] hinum hluta stígsins.   | Framkvæmdaraðili mun vanda til verks og halda raski í lágmarki eftir fremsta megni. Eftir föngum verður reynt að takmarka rask á hrauni með því að opna eina skurðarleið í einu, þar sem taka þarf tillit til umhverfis, m.a. hraunmyndana.  |
| 8.4 | Vestmannaeyjabær     | 5 Framkvæmdalýsing | Þar sem áhrif strengjaleiðar á svæðinu á landslag og hraunmyndanir fer mjög eftir nákvæmri staðsetningu strengjaleiða óskar Vestmannaeyjabær eftir samstarfi á framkvæmdatíma þar sem nákvæmlega strengja verður ákvörðuð. Lagt er til að samráð verði um hvern hluta leiðarinnar. Með því að vanda til verks og vernda það landslag sem fyrir er á svæðinu má einnig gera upplifun af nýjum gönguleiðum sem allra besta. Mjög mikilvægt er að fjarlægja allt fylliefna af hrauninu að loknum framkvæmdum. Hlut[i] strengja leiðarinnar er nokkuð vinsælt ferðamannasvæði. Þar má nefna svæðið ofan Gjábakkafjöru og hraunskóga sem liggja sunnan við spennistöð Landsnets. Vestmannaeyjabær leggur til að framkvæmdin verði skipulögð í áföngum með það að markmiði að skurðir séu opnir í sem allra stystan tíma.  | Framkvæmdaraðili mun fjarlægja allt fylliefni að loknum framkvæmdum. Framkvæmdin verður skipulögð í samráði við Vestmannaeyjabæ og hugað að áfangaskiptingu, enda sameiginlegt hagsmunamál beggja, þ.e. Vestmannaeyjabæjar og Landsnets, að vel takist til.  |
| 8.5 | Vestmannaeyjabær     | 5 Framkvæmdalýsing | Vestmannaeyjabær áréttar ákvæði um skilmála í tillögu að breyttu Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 vegna lagning Vestmannaeyjalína 4 og 5.<br><i>Háspennustrengir í flutningskerfi eru færðir inn á aðalskipulagsupprátt en lega þeirra getur tekið hóflegum breytingum við nánari ákvörðun á hönnunar- og framkvæmdastigi, til þess að lágmarka rask og fella leguna betur að landi. Getið er um aðveitustöð og varavélar í skilmálum um landnotkunareit á hafnarsvæði. Taka þarf tillit til helgunarsvæða við aðra mannvirkjagerð eða skógrækt. Um frágang vegna lagningar háspennustrengja á svæðum með hraunfyrirborði og hverfisvernduðum svæðum gilda eftirfarandi sérákvæði:</i><br><ul style="list-style-type: none"> <li>• Að hraunsteinar séu teknir frá og notaðir við að endurgera umhverfi.</li> <li>• Að nákvæmt leiðarval sé ákveðið út frá hraunmyndunum á hverjum stað – mögulega verði stundum meira bil milli strengja til að sneiða hjá hraunmyndunum.</li> <li>• Að þar sem strengjaleiðir breyta eðlilegu landslagi vikursyfyrirborðs (t.d. vegna skeringa eða þar sem eru hólar) að þar sé leitast við að endurgera yfirborðið.</li> <li>• Að leitast sé við að nýjar gönguleiðir séu búnar til þar sem strengjaleiðir búa til nýtt aðgengi.</li> </ul> | Framkvæmdaraðili er meðvitaður um upptalin sérákvæði og mun fara eftir þeim við framkvæmdir og frágang.  |
| 9.1 | Minjastofnun Íslands | 6.7 Fornminjar     | Fornleifaskráning hefur farið fram á vettvangi á þann hluta leiðarinnar sem liggur frá Rimakoti að sjó. Liggur strengurinn þar í eða við 3 minjar. eru það garðlag (nr. 005 í greinargerð Landsnets) og rústabunga (nr. 007) sem strengurinn liggur í gegnum og rúst/úthús (nr. 006) sem er skammt við strengleið. Hér þarf að fá fornleifafræðing til að gera könnunarskurði til að kanna umfang og eðli. Mjastofnun tekur svo ákvörðun um hvort frekari mótvægisáðgerða sé þörf út frá niðurstöðum könnunarskurða. Þá þarf að merkja og upplýsa verktaka á vettvangi um aðrar minjar sem eru í innan við 15 m fjarlægð við strengleið svo þær raskist ekki af gátleysi.  | Landsnet mun hafa samband við minjavörð á Suðurlandi og vinna í samráði við hann að frekari skoðun þessara minja eftir þörfum.   |
| 9.2 | Minjastofnun Íslands | 6.7 Fornminjar     | Fyrirhuguð strengleið liggur svo eftir sjávarbotni frá meginlandinu að Vestmannaeyjum. Hér þyrfti að fá neðansjávarfornleifafræðing til að skoða og fara yfir gögn sem gerð hafa verið s.s. skönn og mælingar af hafsbotni til að ganga úr skugga um að ekki séu flök á leiðinni.  | Landsnet vinnur nú að endanlegri leiðarlegu sæstrengsins þar sem erlendir sérfræðingar fara yfir gögn og mælingar af hafsbotni, til að finna bestu leið fyrir strengina. Ef þeir finna merki um skipsflök verður Mjastofnun látin vita, en ljóst er að hagur Landsnets er að forðast slíkar fyrirstöður og því ljóst að strengirnir munu ekki raska slíkum minjum, séu þær til staðar. |

| Nr. | Umsagnaraðilar       | Kafli í fyrirspurn | Athugasemd  | Viðbrögð  |
|-----|----------------------|--------------------|---|---|
| 9.3 | Minjastofnun Íslands | 6.7 Fornminjar     | Á stuttum kafla í Vestmannaeyjum liggur strengleið innan 100 m friðhelgissvæði friðlýstu minjanna í Skansinum. Æskilegt er að strengurinn sé færður út fyrir friðhelgissvæði en sé það ekki mögulegt skal halda öllu raski í lágmarki og ganga vel frá svæðinu að verki loknu. Sé farið eftir ofantöldum mótvægisáðgerðum telur Minjastofnun ekki þörf á að ofangreind framkvæmd fari í umhverfismat. | Önnur strengleiðanna kemur til með að liggja innan 100 m friðhelgissvæði friðlýstu minjanna í Skansinum. Þar sem leiðin er innan friðhelgissvæðisins er hún hinum megin þ.e. sunnan við veg sem er einnig innan friðhelgissvæðisins. Því er talið mjög ólíklegt að framkvæmdin valdi raski á friðlýstu minjunum. Leiðin var valin með það sjónarmið að fylgja stígum og vegum og valda sem minnstu raski á óröskuðu hrauni. Ef leiðin er færð lengra frá veginum þ.e. út fyrir friðhelgissvæði myndi það líklega valda meira raski á óröskuðu hrauni. Öllu raski verður haldið í lágmarki á framkvæmdatíma og passað upp á góðan frágang á svæðinu að verki loknu. Leitast verður eftir að fá verklag innan friðhelgissvæðisins samþykkt af Minjastofnun. |